

## 6. fundur stjórnar AP, starfsárið 2017-2018

haldinn í Öxi á Kópaskeri miðvikudaginn 21. febrúar 2018 kl. 15:00.

Mætt: Aðalsteinn Á Baldursson, Arnar Guðmundsson, Björn Víkingur Björnsson, Elías Pétursson ( á Skype), og Sif Jóhannesdóttir. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

### Á fundi gerðist þetta:

Formaður, Sif Jóhannesdóttir, setti fund og stjórnaði honum.

#### 1. Öxarfjörður í sókn – kynning verkefnis og nýs starfsmanns

Á fundinn mætti Bryndís Sigurðardóttir sem ráðin var verkefnisstjóri verkefnisins *Öxarfjörður í sókn* um síðustu áramót. Gerði Bryndís grein fyrir bakgrunni sínum og fór síðan yfir stöðu verkefnisins og það helsta sem á dagana hefur drifið fyrstu vikurnar í starfi. Íbúafundur var haldinn í Lundi 29. janúar sl. þar sem farið var yfir stöðu markmiða og þau eftir atvikum uppfærð. Þar kom fram mikil áhersla á verklok við Dettifossveg, uppbyggingu ferðaþjónustu, þ.m.t. uppbyggingu á gæða gististað, baðstað sem unnið er að, uppbyggingu fuglaskoðunarhúsa og eflingu Skjálftaseturs. Á sviði matvælaframleiðslu er áhersla á lambakjötið og nýtingu þess en einnig ullarafurðir og er sérstakt verkefni í gangi á því sviði. Útjarðrækt með aðstoð jarðhita og ylrækt alemnt þ.m.t. tilraunaverkefni í jarðaberjarækt. Einnig er horft til skógræktar og síðan til þess að öflugum innviðum sé viðhaldið og þeir eflir eftir þörfum og er þar m.a. horft til sveitarfélagsins en einnig annarra aðila sem halda úti almannþjónustu.

Stjórn býður Bryndísi velkomna til starfar og þakkar greinargóða yfirferð hennar um þau verkefni sem unnið er að.

#### 2. Starfsáætlun 2018

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir drögum að starfsáætlun 2018 sem unnin hefur verið af starfsmönnum á grundvelli þeirra áherslna sem stjórn samþykkti á fundi 26. okt. sl. og þeirri umgjörð sem nýr samningur við Byggðastofnun setur.

Stjórnin lýsir ánægju með form þess og innihald starfsáætlunarinnar og samþykkir efnislega eins og hún liggur fyrir og felur framkvæmdastjóra umboð til að ljúka gerð hennar formlega.

#### 3. Starfsmannamál

Í framhaldi af umræðu á fundi stjórnar 15. des. sl. gerði framkvæmdastjóri grein fyrir niðurstöðu sinni varðandi ráðningu Silju Jóhannesdóttur í starf atvinnuráðgjafa en hún hefur verið í tímabundnum verkefnum hjá félaginu, Brothættum byggðum og Stefnumótandi ferðamálaáætlun. Stjórn er sammála niðurstöðu framkvæmdastjóra.

Sif vék af fundi undir þessum dagskrárlið.

#### 4. Kröfur Brúar lífeyrissjóðs

Vísað er til bókunar stjórnar á síðasta fundi um málið. Fyrir liggur minnisblað unnið að formanni og framkvæmdastjóra þar sem m.a. kemur fram að hluti krafna Brúar reyndist

ekki réttmætur og hefur lífeyrisjóðurinn nú leiðrétt kröfugerð sína í samræmi við það. Jafnframt liggur fyrir að þau gögn sem liggja til grundvallar reikningslegra forsenda krafanna, þ.e. til hvaða launþega og tímabils sú réttindaávinnsla tekur sem mynda grundvöll kröfunnar, standast skoðun. Eftir stendur að ekki liggur fyrir það lögfræðiálit sem óskað var eftir varðandi lagalegan grundvöll kröfunnar í tilfalli félagsins.

Stjórn samþykkir að félagið greiði eftirstæðar kröfur Brúar lífeyrissjóðs og felur framkvæmdastjóra umboð til að undirrita fyrirbyggjandi samningsdrög við lífeyrissjóðinn þar að lútandi. Samþykkt þessi er gerð með fyrirvara um að krafan leiði með réttmætum hætti af lögum nr. 127/2016 um breytingu á lögum nr. 1/1997 varðandi lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna, þ.m.t. starfsmanna sveitarfélaga, fyrirtækja þeirra og stofnana sem greitt hafa til Brúar lífeyrissjóðs.

## 5. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að tveir starfsmenn félagsins færu í starfs- og kynnisferð undir forystu Byggðastofnunar til Kanada 13. – 18. maí nk. Framkvæmdastjóri mun þrýsta á Byggðastofnun að styðja sérstaklega við það að verkefnisstjórar *Brothættra byggða* eigi þess kost að taka þátt í ferðinni.
- b) Framkvæmdastjóri sagði frá því að samtal ætti sér stað um hugsanlegt þróunarverkefni Skógræktarinnar og PCC með aðkomu félagsins og e.t.v. fleiri aðila, um skógrækt til notkunar í framleiðsluferli PCC á Bakka.
- c) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir verkefnisumsókn í NPA áætlun ESB í samstarfi félagsins, Norðurslóðanets Íslands og Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar sem miðar að því að koma upp svokölluðu mentorakerfi til að efla enn frekar stuðning og handleiðslu við fyrirtæki og frumkvöðla í atvinnulífinu. Framlag félagsins til verkefnisins, sem ber heitið BizMentors, mun felast í vinnuframlagi en allur útlagður kostnaður og hluti vinnuframlags verður fjármagnaður af styrkfé, verði umsóknin samþykkt.  
Stjórn fagnar því frumkvæði starfsmanna og stjórnenda félagsins sem fram kemur í málinu og samþykkir þátttöku félagsins í verkefninu á þeim forsendum sem kynntar eru.
- d) Farið lauslega yfir stöðu mála í Finnaþjóðarverkefninu og næstu skref framundan.
- e) Gerð grein fyrir því að starfshópur um málefni Bakkafjarðar er við það að skila af sér og mun koma tillögum sínum til forsætisráðherra á fundi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30